

## Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

Haldinn miðvikudaginn 26. apríl 2023 og hófst kl. 15:00 í Kaldalóni.

### Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu  
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu  
Árni Geir Pálsson – stjórnarmaður Hörpu  
Aðalheiður Magnúsdóttir – stjórnarmaður Hörpu  
Guðni Tómasson – stjórnarmaður Hörpu  
María Rut Reynisdóttir – stjórnarmaður Hörpu  
Ebba Schram – borgarlögmaður  
Þorsteinn Gunnarsson – borgarritari  
Steinunn Sigvaldadóttir – sérfræðingur fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Hjörleifur Pálsson – formaður endurskoðunarnefndar Hörpu  
Jón Sigurgeirsson - efnahagsráðgjafi  
Hrönn Greipsdóttir- framkvæmdastjóri  
Soffía Sigurgeirsdóttir - ráðgjafi  
Valgerður Kristjánsdóttir – endurskoðandi hjá PwC  
Starfsfólk Hörpu:  
Andri Guðmundsson  
Arngrímur Fannar Haraldsson  
Ása Briem  
Ása Berglind Hjálmarsdóttir  
Ásta Ólafsdóttir  
Berglind Ólafsdóttir  
Birgir Rafn Snorrason  
Egill Hermannsson  
Elva Dögg Melsteð  
Eyþór Árnason  
Grímur Þór Vilhjálmsson  
Guðni Baldur Gíslason  
Halldór Örn Óskarsson  
Hildur Ottesen  
Hrafnhildur Svansdóttir  
Ingólfur Magnússon  
Jóða Elín Valgerður Margrétardóttir  
Jón Gretar Jónsson  
Lilja Dröfn Gylfadóttir  
Sunna Benediktsdóttir  
Þórunn Einarsdóttir  
Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð gesti velkomna.

## 2. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

## 3. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins þann 11. apríl með tölvupósti til hluthafa og auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu og á heimasíðu Hörpu þann 13. apríl. Af hálfu hluthafa mætti Steinunn Sigvaldadóttir með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Þorsteinn Gunnarsson með umboð frá borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun, dagskrá fundarins eða þær tillögur sem liggja fyrir fundinum. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn vera boðaðan í samræmi við lög og samþykktir félagsins og því vera lögmætan. Gengið er til dagskrár.

## 4. Ávarp stjórnarformanns

Stjórnarformaður, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi Hörpu á síðastliðnu ári.

## 5. Skýrsla forstjóra og ársreikningur 2022

Forstjóri Hörpu, Svanhildur Konráðsdóttir, kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum auk þess að fara yfir starfsemi félagsins og árs- og sjálfbærnisráðgjafarýrslu Hörpu 2022.

Fulltrúar hluthafa, Þorsteinn Gunnarsson og Steinunn Sigvaldadóttir, þökkðu stjórn og starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf og góðan árangur.

## 6. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var lagður fram og borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

## 7. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Tillagan var samþykkt.

## 8. Breytingar á samþykktum

Fyrir fundinum lá tillaga eigenda um breytingu á fyrstu setningu 1. mgr. 15. gr. samþykktar Hörpu um fjölda varastjórnarmanna til að mæta áskilnaði 6. tölul. 9. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Nú er fyrsta setning 1. mgr. 15. gr. svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til árs í senn.“

Lagt er til að fyrsta setning 1. mgr. 15. gr. verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og allt að tveimur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.“ Tillagan var samþykkt.

## 9. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lágu tillögur annars vegar um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins ásamt tveimur varamönnum og hins vegar að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillögurnar voru samþykktar og er stjórn þannig skipuð:

- Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
- Árni Geir Pálsson
- Friðjón R. Friðjónsson
- Hrönn Greipisdóttir
- Jón Sigurðsson

Varamenn:

- Emilía Ottesen
- María Rut Reynisdóttir

## 10. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c- lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykktar fyrir félagið.

## 11. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 5 %. Tillagan var samþykkt.

## 12. Starfskjarastefna félagsins

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 25. maí 2022. Stjórn leggur til að hún verði samþykkt óbreytt. Tillagan var samþykkt.

## 13. Önnur mál

Formaður stjórnar kvað sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir farsælt samstarf og bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa.

Engin önnur mál og fundurinn fór fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 15:59

Ebba Schram, fundarstjóri

Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari